

Priðjudaginn 19. mars 1996.

Nr. 102/1996.

Jöfur hf.

(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

gegn

Bílabúð Benna ehf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Haldsréttur. Úthlutun söluverðs.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. mars 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. febrúar 1996, þar sem staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. nóvember 1995, að frumvarp 6. september 1995 til úthlutunar á söluverði bifreiðarinnar EV-365 skuli standa óbreytt. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Sóknaraðili krefst þess, að fyrrgreind ákvörðun sýslumanns verði felld úr gildi og í stað varnaraðila verði sóknaraðila úthlutað 751.880 krónum af söluverði bifreiðarinnar. Til vara krefst sóknaraðili þess, að ákvörðun sýslumanns verði felld úr gildi, en úthlutun af söluverði bifreiðarinnar til varnaraðila sæti lækkun og því, sem eftir stendur, verði úthlutað sóknaraðila. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt gögnum málsins fólust endurbætur og viðgerð varnaraðila á bifreiðinni EV-365, Ford Econoline, árgerð 1978, meðal annars í því að lagfæra stýris- og drifbúnað, skipta um höggdeyfa og hjólbarða, ryðbæta og lagfæra upphækkun bifreiðarinnar, sem áður hafði verið gerð. Þykir nægjanlega sannað, að um verðmætisaukningu á bifreiðinni hafi verið að ræða.

Fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili teft fram þeirri málsástæðu, að ekkert liggi fyrir um, að skráður eigandi bifreiðarinnar á þessum tíma, Kristinn B. Valdimarsson, hafi óskað eftir breytingum á henni

eða hversu umfangsmiklar þær ættu að vera. Varnaraðili mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni. Þegar af þeirri ástæðu fær hún ekki komist að í málinu.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur og sóknaraðila gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Jöfur hf., greiði varnaraðila, Bílabúð Benna ehf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. febrúar 1996.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 12. febrúar sl., var þingfest 8. desember 1995 til úrlausnar um ágreining vegna úthlutunar uppboðsandvirðis bifreiðarinnar EV-365, Reykjavík, sem seld var nauðungarsölu af embætti sýslumannsins í Reykjavík 2. september 1995.

Sóknaraðili er Jöfur hf., kt. 681276-0259, Nýbýlavegi 2, Kópavogi.

Varnaraðili er Bílabúð Benna hf., kt. 711292-2929, Vagnhöfða 23, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. nóvember 1995 [um, að skilagrein skuli standa óbreytt] verði felld úr gildi og þess í stað verði 751.880 krónum af uppboðsandvirði bifreiðarinnar úthlutað sóknaraðila í stað varnaraðila.

Til vara krefst sóknaraðili þess, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. nóvember 1995 verði felld úr gildi, úthlutað fjárhæð af uppboðsandvirði bifreiðarinnar til varnaraðila sæti lækkun og því, sem eftir stendur af andvirðinu, verði úthlutað sóknaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hrundið og varnaraðila úrskurðaður málskostnaður úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

II.

Sóknaraðili keypti bifreiðina EV-365, Ford Econoline, árgerð 1978, af Birni Bergmann Jóhannssyni 1. september 1994 á 1.050.000 kr. Hinn 26. október 1994 seldi sóknaraðili Nýbergi sf. bifreiðina á 1.100.000 kr. og skyldi greiða kaupverð með skuldabréfi, sem tryggt var með veði á 1. veðrétti í bifreiðinni. Nýberg sf. seldi Kristni B. Valdimarssyni bifreiðina 12. desember 1994, og seldi hann bifreiðina aftur 3. apríl 1995 Magnúsi Sveinssyni.

Aldrei var greitt af skuldabréfi því, sem tryggt var með veði í bifreiðinni, og innleysti sóknaraðili bréfið frá Búnaðarbanka 10. apríl 1995. Í mars 1995 var bifreiðinni komið til varnaraðila til breytinga og viðgerða, og lauk þeim í lok sama mánaðar. Var eigandinn krafinn um greiðslu fyrir verkið, og var greitt upp í það af hálfu Magnúsar Sveinssonar f. h. Nýbergs, en varnaraðili neitaði að afhenda bifreiðina, fyrr en fullnaðargreiðsla hefði verið innt af hendi.

Bifreiðin var seld nauðungarsölu 2. september 1995 GÁJ, lögfræðistofu hf., sem átti hæsta boð, 800.000 kr., en lögfræðistofan hafði umrætt skulda-bréf til innheimtu fyrir sóknaraðila. Varnaraðili lýsti kröfu í söluandvirði bifreiðarinnar á grundvelli haldsréttar vegna viðgerðarreiknings, að fjárhæð 837.015 kr. Sóknaraðili lýsti kröfu, að fjárhæð 1.341.537 kr. Samkvæmt frumvarpi til úthlutunar á söluandvirði hugðist sýslumaðurinn í Reykjavík úthluta varnaraðila söluandvirðinu að frá dregnum kostnaði. Frumvarpinu var mótmælt af hálfu sóknaraðila, en sýslumaður ákvað 13. nóvember 1995 að taka mótmælin ekki til greina og úthluta söluandvirðinu í samræmi við frumvarpið, og samkvæmt skilagrein sýslumanns fékk varnaraðili 751.880 kr. í sinn hlut.

III.

Sóknaraðili kveður meginreglu veðréttar um rétthæð haldsréttarkröfu vera þá, að eldri réttindi yfir eign gangi fyrir yngri haldsrétti. Krafa sóknaraðila hafi verið tryggt með fyrsta veðrétti í bifreiðinni, og henni hafi verið þinglýst, áður en haldsréttarkrafa varnaraðila hafi stofnast. Krafa sóknaraðila gangi því samkvæmt meginreglunni framur kröfu varnaraðila. Sóknaraðili kveður kröfu haldsréttarhafa geta aðeins í undantekningartilvikum gengið framur öðrum veðkröfum, t. d. ef ráðstafanir haldsréttarhafa hafa verið óumflýjanlegar til varðveislu eignar eða til að halda henni í nothæfu standi. Sú undantekning eigi ekki við í þessu máli. Ekki hafi verið um það að ræða, að bifreiðin hefði farið forgörðum eða orðið ónothæf, ef ekki hefði verið að gert, og hafi breytingarnar því ekki verið nauðsynlegar og enn síður óumflýjanlegar.

Annað undantekningartilvik sé það, þegar aðgerðir haldsréttarhafa hafi aukið verðmæti andlagsins. Sú undantekning styðjist við það sjónarmið, að óeðlilegt sé, að eldri rétthafar hagnist á því, ef aðgerðir haldsréttarhafa hafa sannanlega aukið verðmæti andlagsins. Eigi sú undantekning frá meginreglunni ekki við í þessu máli. Sóknaraðili hafi keypt bifreiðina EV-365 1. september 1994 á 1.050.000 kr. Bifreiðin hafi síðan verið seld 26. október 1994 á 1.100.000 kr., og hafi verið greitt með skuldabréfi, tryggðu með veði í

bifreiðinni. Eins og fram komi í frumvarpi til úthlutunar, hafi bifreiðin verið seld hæstbjóðanda á 800.000 kr. Sé það ótvíráð sönnun þess, að þær breytingar, sem gerðar hafi verið, hafi ekki verið til þess fallnar að auka verðmæti bifreiðarinnar. Undantekningin eigi enn síður við í því tilviki, sem hér um ræðir, þegar lítið sé til þess, í hverju framkvæmdirnar á bifreiðinni hafi verið fólgnar. Þær hafi verið fólgnar í breytingum, sem sérstaklega hafi verið óskað eftir af eiganda bifreiðarinnar, og verið sniðnar að hans þörfum. Engin rök séu því til að líta svo á, að krafa varnaraðila njóti réttar framar eldri óbeinum eignarréttindum yfir bifreiðinni.

Ef fallist verður á, að framkvæmdir varnaraðila hafi haft þau áhrif, að víkja beri frá meginreglunni um, að yngri haldsréttur skuli víkja fyrir eldri óbeinum eignarréttindum, gerir sóknaraðili varakröfu um, að úthlutun til varnaraðila verði lækkuð verulega. Ekkert bendi til þess, að framkvæmdir varnaraðila hafi verið óumflýjanlegar til varðveislu bifreiðarinnar eða til þess að halda henni í nothæfu standi. En ef svo verði lítið á, er þess krafist, að úthlutun til varnaraðila sæti verulegri lækkun, þar eð aðeins lítið brot framkvæmda varnaraðila fullnægi þessum skilyrðum.

Þá mótmælir sóknaraðili því, að greitt verði til varnaraðila vegna kröfu um kostnað af innheimtu kröfunnar og dráttarvaxta af höfuðstól hennar. Kostnaður af innheimtu kröfu, sem njóti haldsréttar, geti ekki notið forgangs framar eldri óbeinum eignarréttindum yfir andlaginu, þar sem hann fullnægi ekki skilyrðum, sem fullnægja þurfi, til að haldsréttarkrafa njóti forgangs framar eldri óbeinum eignarréttindum. Um mótmæli gegn dráttarvaxtakröfu vísar sóknaraðili til 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Ekki verði séð af gögnum málsins, að eigandi bifreiðarinnar hafi verið krafinn um greiðslu kröfunnar fyrr en 21. júní 1995, þegar greiðsluáskorun hafi verið rituð. Ekki sé því heimilt að reikna dráttarvexti af höfuðstól kröfunnar fyrr en frá 21. júlí 1995 til uppboðsdags.

Þá mótmælir sóknaraðili því, að varnaraðila verði greitt vegna tiltekinna liða í reikningum hans vegna bifreiðarinnar, og gerir kröfu um, að krafa hans sæti lækkun sem því nemi.

Þá er þess krafist, að krafa varnaraðila verði lækkuð, þar sem drifskafi hafi vantað undir bifreiðina að framan, þegar varnaraðili skilaði henni á uppboðsstað.

Varnaraðili kveður bifreiðina EV-365 hafa verið í slæmu ástandi, er hann fékk hana í sínar hendur, og þurft mikilla lagfæringa við. Hann kveður ekki unnt að treysta því, að sú fjárhæð, sem Nýberg sf. hafi greitt fyrir bifreiðina, hafi verið rétt verð fyrir hana á þeim tíma, þar sem það hafi aldrei verið ætlun fyrirtækisins að standa við þær greiðsluskuldbindingar, sem það tók

sér á herðar. Varnaraðili kveður óumdeilt, að hann hafi unnið það, sem fram kemur á reikningi hans. Þá sé jafnframt ljóst, að aðgerðirnar hafi verið nauðsynlegar, til að nota mætti bifreiðina, en hún hefði ekki staðist almennda skoðun, þegar hún kom til viðgerðar. Þá sé ljóst, að aðgerðir þessar hafi verið til þess fallnar að auka mjög verðgildi bifreiðarinnar. Eftir lagfæringar varnaraðila hafi hún verið í mjög góðu ásigkomulagi og tilbúin til að gegna því hlutverki ferðabíls, sem henni hafi greinilega verið ætlað, miðað við það, hvernig hún var útbúin, þegar hún kom til varnaraðila. Bifreiðin hafi þá verið búin drifi á öllum hjólum og innréttuð sem ferðabíll. Aðgerðir varnaraðila hafi eingöngu beinst að því að koma henni í það horf, að hún gæti gegnt því hlutverki. Varnaraðili mótmælir því, sem fram kemur í greinargerð sóknaraðila, að fyrirmæli hafi verið um það gefin frá framkvæmdastjóra varnaraðila, að ekki ætti að vinna í bifreiðinni umfram það, sem greitt væri.

Þá mótmælir varnaraðili því, að vantað hafi fremra drifskaft á bifreiðina, þegar hún hafi verið afhent Vöku hf.

Varnaraðili kveður ágreining vera um, hvort haldsréttur hans skuli ganga framár veðrétti sóknaraðila. Varnaraðili kveður ljóst samkvæmt 39. gr. laga nr. 39/1922, að hann þurfi ekki að láta af hendi viðgerðan bíl, nema greitt sé fyrir viðgerð hans. Eigandi veðkröfu geti ekki samkvæmt núgildandi lög-gjöf krafist þess að fá hlut í sínar vörslur, sem annar aðili hafi haldsrétt í, nema á grundvelli 60. gr. laga nr. 90/1991. Samkvæmt þeirri grein geti veðkröfueigandi aðeins fengið eign, sem haldsréttur er í, í sínar vörslur til að koma fram uppboðsmeðferð og þá eingöngu gegn því, að haldsrétturinn verði virtur við nauðungarsöluna. Megi segja, að 200. gr. siglingalaga nr. 34/1985 sé stefnumarkandi fyrir innihald haldsréttar. Þá verði ekki annað séð en haldsréttur varnaraðila standist allar þær kröfur, sem sóknaraðili telur, að gera þurfi til hans, svo að hann gangi framár eldri veðrétti. Af því, sem rakið hafi verið, sé ljóst, að bifreiðin hafi þarfnast viðgerða og endurbóta og að þær aðgerðir, sem gripið hafi verið til, hafi verið til þess fallnar að auka verðgildi hennar. Sjónarmiðum sóknaraðila um sérstakar breytingar, sniðnar að þörfum eiganda bifreiðarinnar, sé algerlega hafnað. Bifreiðin hafi verið útbúin sem ferðabíll, sem ætlað var að geta farið misjafna vegi við misjöfn skilyrði. Með aðgerðum sínum hafi varnaraðili lagfært bifreiðina, svo að hún hafi getað nýst með þeim hætti, sem henni og hundruðum annarra sambærilegra bifreiða hér á landi væri ætlað.

Varnaraðili kveður, að kostnaður við að knýja fram greiðslu á grundvelli haldsréttar hljóti að njóta forgangs framár eldri óbeinum eignarréttindum, og vísar varnaraðili til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu því til stuðnings.

Þá mótmælir varnaraðili því, að eigandi bifreiðarinnar hafi ekki verið krafinn um greiðslu fyrr en með greiðsluáskorun 21. júní 1995. Varnaraðili kveður rétt að miða upphafsdag vaxta við þann dag, sem verklaun voru sannanlega gjaldfallin, þrátt fyrir það að formlegur reikningur hafi ekki verið gefinn út fyrr en síðar.

IV.

Fram er komið í málinu, að bifreiðin EV-365 fór í viðgerðir og endurbætur til varnaraðila í byrjun mars 1995 og að þeim lauk í byrjun apríl sama ár. Samkvæmt gögnum málsins var maður að nafni Kristinn B. Valdimarsson þá skráður eigandi bifreiðarinnar. Hvergi kemur fram í gögnum málsins, að hann hafi beðið um viðgerðirnar og endurbæturnar. Á hinn bóginn liggur fyrir í málinu „Greiðslukvittun“, dagsett 30. mars 1995, þar sem fram kemur, að Magnús Sveinsson f. h. Nýbergs sf., kt. 600182-0569, hafi þann dag greitt varnaraðila 762.445 kr. inn á viðgerðirnar. Var kvittunin gefin út með fyrirvara um, að innstæða reyndist fyrir geymslutékkum þeim, sem greiðslan var innt af hendi með. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir verða að líta svo á, að beðið hafi verið um verkið af hálfu Nýbergs sf. Svo fór þó, að innstæða reyndist einungis vera fyrir greiðslunni að litlum hluta.

Af gögnum málsins verður eigi annað ráðið en framangreindar greiðslur hafi verið inntar af hendi án nokkurra athugasemda við verkið, og verður því að telja, að viðgerðirnar og endurbæturnar hafi verið unnar í samræmi við verkbeiðni. Af því leiðir, að leggja verður endanlegan reikning varnaraðila fyrir verkið til grundvallar við úrlausn málsins. Samkvæmt því er nægjanlega sannað, að verðmæti bifreiðarinnar hafi aukist sem nemur reikningsfjárhæðinni, enda þykir sóknaraðila ekki hafa tekist sönnun hins gagnstæða. Gengur haldsréttur varnaraðila af þeim sökum framar veðréttindum sóknaraðila sem og innheimtukostnaður til að knýja fram greiðslu á grundvelli haldsréttar, sbr. 2. mgr. 6. gr. nauðungarsölulaga nr. 90/1991.

Svo sem áður greinir, gaf varnaraðili út greiðslukvittun til Nýbergs 30. mars 1995 vegna innborgunar á viðgerðirnar með fyrirvara um innstæðu tékka. Verklaun voru sannanlega gjaldfallin 1. apríl sama ár, en þá var viðgerðum og endurbótum á bifreiðinni lokið. Líta verður á fyrrnefnda greiðslu Nýbergs sem sönnun þess, að hinn raunverulegi skuldari hafi verið krafinn um greiðslu vegna umræddra viðgerða og endurbóta, þrátt fyrir það að reikningur hefði þá ekki verið gefinn út af hálfu varnaraðila. Samkvæmt því og með vísan til 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 er heimilt að reikna dráttarvexti af kröfunni frá 1. maí 1995.

Ósannað er gegn andmælum varnaraðila, að fremra drifskaft hafi vantað

á bifreiðina, er hún var afhent Vöku hf. til geymslu vegna fyrirhugaðrar nauðungarsölu.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. nóvember 1995, að skilagrein til úthlutunar á uppboðs- andvirði bifreiðarinnar EV-365, dagsett 6. september 1995, skuli óbreytt standa.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. nóvember 1995, að skilagrein til úthlutunar á uppboðsandvirði bifreiðarinnar EV-365, dagsett 6. september 1995, skuli óbreytt standa, er staðfest.

Málkostnaður fellur niður.
